

111. þingflokksfundur, miðvikudaginn 13. maí 2015

Fundinn sitja: Alla, Helgi Hrafn og Jón Þór.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi brífaði af þingflokksformannafundi þar sem breytingartillagan rammaáætlun var til umræðu.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrána í dag og verkum skipt.

3. Bréf af nefndarfundum

Jón Þór brífaði úr umhverfis- og samgöngunefnd þar sem 28. mál um jafnt aðgengi var á dagskrá. Stefnt er að því að ná því í gegn fyrir þinglok. Helgi Hrafn brífaði af fundi allsherjar- og menntamálanefndar, aðaláherslan er að fá afnám refsinga við guðlasti afgreitt úr nefndinni sem fyrst. Ræða þarf stöðu OPCAT í utanríkismálanefnd á næsta þingflokksfundi.

4. Staðan á vinnumarkaði

Jón Þór fer á upplýsingafund nk. föstudag með aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum stjórnarandstöðuflokka.

5. Tilnefningar í starfshóp um endurskoðun á innihaldi lögreglunáms

Ákveðið að hafna boði um tilnefningu þar sem stjórnarandstaðan fær aðeins að tilnefna einn fulltrúa sameiginlega.

6. Önnur mál

Heimsókn fyrrverandi dómsmálaráðherra Noregs varðandi fangelsismál var rædd.

Fundi slitið kl. 14.00.